

FRÁSÖGN

af haustfundi ÖSE-þingsins í Tirana 5.–7. október 2012

Af hálfu Íslandsdeildar ÖSE-þingsins sóttu fundinn Björn Valur Gíslason varaformaður og Pétur H. Blöndal, auk Vilborgar Ásu Guðjónsdóttur ritara. Til viðbótar við hefðbundinn fund stjórnarnefndar ÖSE-þingsins fór fram ráðstefna um þrjú málefni: eflingu og vernd fjölþjóða- og fjölmenningsarsamfélaga í aðildarríkjum ÖSE, efnahags- og fjármálakreppuna og hvort heillavænlegra sé að bregðast við henni með niðurskurði eða aðgerðum til eflingar hagvaxtar og hlutverk fjölmiðla við eflingu góðra stjórnunarháttanna. Meðal ræðumanna voru yfirmenn skrifstofa ÖSE á Balkanskaga og sérfræðingar á sviði fjármála, fjölmiðla og umburðarlyndis.

Í setningarávarpi sínu lagði Riccardo Migliori, forseti þingsins, áherslu á mikilvægi umræðu á milli þjóðarbrotta, lofaði viðleitni Albaníu til að styrkja tengslin á milli samfélaga sem aðhyllast mismunandi trú og hvatti ÖSE til að nálgast alþjóðlegar áskoranir á fyrirbyggjandi hátt. Hann kallaði einnig eftir aðgerðum gegn bagalegri stöðu mannúðarmála í Sýrlandi í kjölfar árása sýrlenska hersins á Tyrkland, eitt aðildarríkja ÖSE. Setningarfundinn ávarpaði einnig forseti albanska þingsins, Jozefina Topalli, forsætisráðherra Albaníu, Sali Berisha, og framkvæmdastjóri ÖSE, Lamberto Zannier. Topalli hvatti til fjárfestinga í Albaníu og minnti fundargesti á framfarir landsins á síðustu missirum sem ættu rætur sínar að rekja til aukins frelsis í landinu. Berisha þakkaði ÖSE fyrir framlag sitt til endurbóta í landinu sem hefðu átt sinn þátt í því að Albanía væri ekki lengur á meðal fátækustu ríkja heims, heldur á meðal þeirra ríkja á sínu heimssvæði sem yxu hvað hraðast. Zannier vakti athygli fundargestanna á umræðunni um *Helsinki 40+* ferlið sem snýr að stefnumótun fyrir verkefni ÖSE til ársins 2015. Hann ræddi einnig um verkefni stofnunarinnar gegn fjölþjóðlegum ógnum líkt og hryðjuverkum og ólöglegum viðskiptum, sem að hans mati gera ÖSE í vaxandi mæli að verðugum hnattrænum samstarfsaðila Sameinuðu þjóðanna og annarra svæðisbundinna stofnana. Loks ræddi Zannier um undirbúning fundar ráðherranefndar ÖSE sem fer fram í Dublin í desember.

Á fundi stjórnarnefndar þingsins kynnti Zannier fjárhagsáætlun ÖSE en samkvæmt henni verða ekki breytingar á heildarútgjöldum stofnunarinnar frá árinu 2012, sem verða því áfram 148 milljónir evra. Helstu breytingar eru þær að gert er ráð fyrir lægri framlögum til verkefna á Balkanskaga en hærri framlögum til skrifstofu ÖSE í Tadjikistan og til höfuðstöðva ÖSE í Vínarborg. Pétur H. Blöndal, sérlegur fulltrúi forseta ÖSE-þingsins í fjárreiðum ÖSE, gagnrýndi að heildarútgjöld yrðu þau sömu og árið áður og að fjárhagsáætlunin tæki ekki mið af verðbólgu. Hann varaði við því að verðbólga ákvarðaði niðurskurð í stað pólitískrar ákvörðunar. Þá gagnrýndi hann einnig að dregið yrði úr framlögum til vettvangskrifstofa á meðan að framlög til höfuðstöðva ÖSE yrðu aukin, og lýsti yfir áhyggjum af áhrifum þessarar þróunar á starfsemi vettvangsskrifstofanna. Pétur lagði einnig til að ÖSE-þinginu yrði falið að ráða endurskoðanda fyrir reikninga ÖSE, sem mundi heyra undir ÖSE-þingið, og greina því beint frá niðurstöðum sínum. Það gæti aukið skilning milli ÖSE og ÖSE-þingsins. Loks ræddi Pétur um starf sitt í Albaníu og sagði meðal annars frá ferð sinni þangað árið 2007 þegar hann heimsótti skrifstofu ÖSE í Tirana. Tilgangur ferðarinnar hefði verið að öðlast upplýsingar um verkefni sem sneru að stofnun albanskrar þjóðskrár og skrásetningu heimilisfanga í Albaníu. Ferðinni hefði verið fylgt eftir með símafundi árið 2010 og fundi í Tirana á meðan á haustfundinum stóð. Niðurstöður væru þær að verkefnin gengju almennt vel og bæri þar hæst að stofnun þjóðskrár hefði haft mjög jákvæð áhrif á baráttuna gegn mansali.

Í lok fundar samþykkti stjórnarnefndin ályktun sem fordæmir árásir sýrlenska hersins á tyrkneska bæinn Akçakale. Í ályktuninni er tekið undir yfirlýsingar öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna um að átökin í Sýrlandi hafi áhrif á öryggi í nágrennaríkjum þess, sem og á svæðisbundinn frið og stöðugleika. Í henni er enn fremur krafist þess að brot á alþjóðalögum

verði tafarlaust hætt og brýnt fyrir Sýrlandi að virða friðhelgi yferráðasvæða og fullveldi nágrannaríkja sinna.

Frekari upplýsingar má nálgast hjá ritara Íslandsdeildar ÖSE-þingsins og á vefsvæðinu www.oscepa.org